



MOSFELLSBÆR

Göngubrú við Krikahverfi, Mosfellsbæ.

Verkið felst í gerð göngubrúar yfir Hringveg, (Vesturlandsveg) við Krikahvefi í Mosfellsbæ. Brúin er 60 m. löng með þrem millistöplum og stálstaurum til endanna og yfirbygging er eftirspennt steinsteypa. Í verkinu er einnig innifalin gerð göngustíga til að tengja mannvirkið við stígakerfi Mosfellsbæjar ásamt landmótun. Verkið er unnið í samvinnu við Mosfellsbæ sem annaðist malbikun stíga og ýmsan umhverfisfrágang.

Helstu magntölur:

Járn	16.700 kg.
Steypa	200 m ³
Malbik	750 m ²
Fláar	1.700 m ²

Tilboð í verkið voru opnuð 16. ágúst 2011. Alls bárust 7 tilboð í verkið og átti EYKT ehf lægsta tilboð um 60 milljónir króna.

Ákvörðun verkkaupa um að semja við lögstjóðenda var kærð til Kæruneftndar Útboðsmála en eftir umfjöllun nefndarinnar var kærinni vísað frá.

Samningur við lögstjóðenda var undirritaður 22. sept. 2011. Samkvæmt upphaflegri áætlun voru verklok áætluð 15. des. 2011 en vegna tafa sem urðu vegna kærunnar voru verklok færð til 6. janúar 2012. Þegar kom fram í lok nóvember var veðurfar mjög óhagstætt til viðkvæmar steypuvinnu og ekki var hægt að steypa yfirbygginguna fyrr en 7. janúar 2012.. Frágangi sjálfrar brúarinnar með handriðum lauk svo í um mánaðarmótin febrúar - mars og var þá leyfð umferð um brúna þó eftir væri að vinna ýmsan umhverfisfrágang.

Mosfellsbær tók síðan við verkinu og annaðist malbikun stíga og ýmsan lokafrágang.

Áætlaður kostnaður:

Hönnun, undirbúningur;	11 millj.kr.
Umsjón, eftirlit;	3 millj.kr
Verktakakostnaður;	61 millj.kr
Efni	2 millj.kr.
<u>Kostnaður Mosfellsbæjar</u>	<u>5 millj.kr.</u>
Samtals	82 millj.kr.

Helstu hönnuðir og ráðgjafar.

VSÓ Ráðgjöf;
Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar,

aðalráðgjafi, hönnun brúar og stíga
útlit, landmótun



MOSFELLSBÆR

Verktakar:

EYKT ehf.	Aðlverktaki, steypuvinna
Háfell ehf.	Undirverktaki, jarðvinna
Aflbinding ehf	Undirverktaki, járnabinding
Fagstál ehf	Undirverktaki, handriðasmíði
H.K.Haralds ehf.	Uppsetning vegriðs, Vegagerðin
Fagverk ehf	Malbikun, Mosfellsbær

Eftirlit annaðist Vegagerðin SV-svæði nýframkvæmdir og auk þess komu fjölmargir aðrir starfsmenn vegagerðarinnar að þessu verki.